

**Nd.**

**140. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Til viðgerðar og fullkomnunar á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum veitist  $\frac{1}{3}$  kostnaðar, allt að 70 þús. krónum, úr rikissjóði, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr rikissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Fr. þetta er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum, og vísast að því er ástæður snertir í útskrift úr fundarbók hafnarnefndarinnar í Vestmannaeyjum, sem hjer fer á eftir. Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir frv. í framsögu.

### ÚTSKRIFT

úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1928, fimtudaginn 5. janúar, var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyja að Reyni kl. 6 e. h. Mættir voru auk bæjarstjóra hafnarnefndarmennirnir Þorsteinn Johnson, Þorsteinn Jónsson, Jón Sverrisson og Ólafur Auðunsson, ennfremur hafnarvörður Geir Guðmundsson.

Var þar og þá fyrir tekið:

#### 1. HAFNARMANNVIRKIN.

Síðustu dagana hefir komið i ljós bilun á Hringskersgarðinum, rjett innan við hausinn að utanverðu. Undirstaðan undir stykki því, sem steyppt var 1925, hefir haggast, þannig, að þrír kassar og einn stór steinn eru losnaðir úr garðinum og hafa flutst út i dýpið. Hefir þannig myndast hvilft undir garðkantinn á ca. 12 metra svæði. Vegna þeirrar hættu, sem garðhausnum stafar af þessari bilun, telur hafnarnefnd óumflýjanlegt, að þegar á næsta sumri verði framkvæmd sú styrking á hausnum, sem ráðgerð hefir verið, þannig, að fyllt verði upp i krikann, sem nú er á garðinum, og austurkantur garðsins tekinn i beiningu út á Hrognasker.

Ennfremur telur nefndin sjálfsagt, að ráðist verði í lengingu á norðurgarðinum, sjerstaklega að byggja upp í fulla hæð það stykki, sem síðastliðið sumar var lögð undirstaða að.

Jafnframt þessu álitur nefndin fylstu nauðsyn á, að haldið verði áfram að taka upp grjótið úr innsiglingunni, enda kemur það að fullum notum við byggingu garðanna, þar sem mestu erfiðleikar eru orðnir á að afla grjóts til þeirra.

Til þess að standast kostnað við framkvæmd nefndra endurbóta, sem er meiri heldur en hafnarsjóður einn er megnugur að standa straum af, þá leggur hafnarnefndin til, að fara þess á leit við næsta Alþingi, að rikissjóður greiði að minsta kosti þriðjung þess, sem endurbætturnar koma til með að kosta.

.....  
Pleira eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Kristinn Ólafsson  
Þorsteinn Jónsson  
Þorst. Johnson  
Ólafur Auðunsson  
Jón Sverrisson.  
.....

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 16. janúar 1928.

Kristinn Ólafsson.